

Loftlagsstefna á Vestfjörðum

Minnisblað - staða og næstu skref

„Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.“ (nr. 70/2012) Loftslagsstefnur sveitarfélaga snúa að starfsemi þeirra sjálfra.

Loftslagsstefna á Vestfjörðum

Forsaga

Árið 2012 voru sett lög nr. 70/2012 sem kváðu á um að sveitarfélög skyldu gera loftslagsáætlanir, sem þó aðeins örfá þeirra gerðu. 2019 var skerpt litlega á eftirlitshlutverki Umhverfisstofnunar með lagabreytingu. Líklega er stutt í að ríkisvaldið snupri sveitarfélög fyrir aðgerðaleysi.

Núverandi staða

Ekkert sveitarfélag á vestfjörðum hefur sett sér loftslagsstefnu í samræmi við ofangreind lög. Fram til 2020 var hinsvegar var hins vegar í gildi sjálfbærnistefna, sem vísaði til loftslagsmála, sem hluti af Earth Check kerfinu, sem og ákveðið losunarbókhald innan þess. Þrátt fyrir mikla samlegð við vinnu við EC og loftslagsáætlana, þarf að gera sérstaka stefnu sbr. löggin hér að ofan.

Næstu skref við gerð Loftslagsáætlunar

Eðlilegast væri að vinna loftslagsstefnu samhliða vinnu við Svæðisskipulag. Almenni hluti loftslagsstefnu fellur örugglega undir svæðisskipulag, en líklega á setning markmiða og aðgerðaáætlun heima í viðaukum og í áætlunum hvers sveitarfélags fyrir sig. Þessu verður þó svarað í vinnuni sjálfri.



Unnið af Hjörleifi Finnssyni
verkefnastjóra fyrir Fjórðungsping
Vestfjarða haust 2023.

Helsti Tilgangur loftslagsáætlunar

- Að minnka losun (felst bæði í sparnaði og orkuskiptum)
- Auka kolefnisjöfnun og -bindingu
- Styðja við markmið Íslands í loftslagsmálum
- Draga úr orkukostnaði sveitarfélaganna

Tengsl við annað

- Rétt að tengja stefnumótun sem fer fram í Svæðisskipulagi, fyrir liggur í aðgerðaáætlun um loftslagsmál (stjórnarráðið) að gera eigi viðauka við landskipulagstefnu.
- Svæðiáætlun um úrgang, hefur að markmiði að draga úr urðun og minnar því losun = bein tenging
- Ná tengt umhverfistjórnunarkerfum, eins og t.d. Earth Check eða Grænum skrefum
- Spurning hvort RECET verkefnið gæti tengst þessu, t.d. hvort það stuðlað að þekkingaruppbyggingu á loftslagsbókhaldi